



Skólaráðsfundur 16.10.2025

Mættir: Inga, Magga, Berglind, Hilmar, Jessica, Hildur, Vala

Dagskrá:

1. Kynning á meðlimum skólaráðs. Hver og einn sagði örstutt frá sér.

- **Fulltrúi nemenda** – Ýmir Míó Ómarsson nemandi í 9.bekk
- **Fulltrúi nemenda** – Berglind Sif Ástþórsdóttir nemandi í 10.bekk
- **Fulltrúi foreldra/grenndarsamfélags** - Hilmar Rafn Emilsson
- **Fulltrúi foreldra** – Alexandra Eir Andrésdóttir
- **Fulltrúi foreldrafélags** – Jessica Sól Helgudóttir
- **Fulltrúi kennara** – Hólmfríður Þórisdóttir
- **Fulltrúi kennara** – Hildur Arna Hakanson
- **Fulltrúi annars starfsfólks** – Valgerður Ósk Hjartardóttir
- **Skólastjóri** - Ingibjörg Magnúsdóttir
- **Aðstoðarskólastjóri** –Margrét Lilja Pálsdóttir
- **Fulltrúi félagsmiðstöðvar** – Fjóla Sigrún Sigurðardóttir

2. Skipulag og áherslur vetrarins 2025-2026, farið yfir fundaplan, boðun funda, dagskrá og fundartími. Fundarboð fyrir allan veturinn verða senda út með drögum að dagskrá sem geta breyst þegar nær dregur. Allir meðlimir skólaráðs eru hvattir til að senda Ingu póst ef þeir vilja koma einhverjum málefnum á framfæri sem stjórnendur þurfa að kynna sér eða vera undirbúnir til að geta svarað á fundinum. Einnig verður alltaf liðurinn önnur mál á fundinum þar sem viðkomandi getur komið með málefni sem brennur á þeim.

3. Kynning á niðurstöðum úr vinnu með foreldrum nemenda í 7. til 9. bekk maí 2025 en þar var verið að leita eftir væntingum foreldra til fjögurra þátt, hlutverki foreldra í námi barnanna sinna, hlutverki nemenda, hlutverki kennara og samstarfi heimilis og skóla. Búið er að kynna niðurstöður fyrir kennurum og þeir munu vinna áfram með þær á deildarfundum. Stutt samantekt verður unnin og send á foreldra, þar sem helstu niðurstöður koma fram og hvað skólinn ætlar að gera í kjölfarið.

4. Farsældarsáttmáli með foreldrum – foreldrafélagið hélt aðalfund um daginn þar sem þau ætluðu í vinnu með foreldrum að útbúa farsældarsáttmála í hverjum árgangi. Dræm þátttaka var og því varð ekkert úr því. Skólinn ætlar því að byrja á því að vera með fræðslu fyrir foreldra á miðstigi og kjölfarið fara í farsældarvinnuna, síðan verður farið í svipaða fræðslu og vinnu með yngsta stigi og í kjölfarið á unglingastigi. Búið er að tímasetja fræðsluna fyrir miðstig og 1.bekk og verður tímasetningin sent út á morgun föstudag á foreldra.



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

5. Brunaæfingin sem átti að vera síðasta mánudag féll niður vegna bilunar í brunakerfi skólans. Búið er að tímasetja nýja æfingu mánudaginn 27. Október.
6. Rætt var um öryggi og aðbúnað í skólanum og komu fram ábendingar um að sumir nemendur væru farnir að mæta með hnífapör í skólann til að geta borðað í hádeginu þar sem stundum vanti áhöld. Stjórnendur munu skoða þetta með eldhúsinu því vitað var af þessu máli fyrstu vikuna en átti að vera komið í lag. Þá er loftræstingu ábótavant í skólanum, þungt loft og hiti í stofum. Skólinn hefur verið að kalla eftir úrbótum sem eru loksins komnar á skrið.
7. Önnur mál
 - Eftir umræður um vinnu foreldra kom fram hugmynd að bjóða upp á námskeið í Mentor fyrir foreldra.
 - Spurt var hvort hægt væri að setja föstudagspistil inn á Mentor fyrir foreldra þar sem hann drukkna stundum í pósti hjá foreldrum.
 - Fram kom ábending að foreldrar gerðu sér ekki grein fyrir að hægt væri að fá viðtöl við umsjónarkenna utan hefðbundinna viðtala á haustin og vorin, rætt um hvort væri gott að kynna þetta verklag fyrir foreldrum

Fundir slitið 16. 00

Ingibjörg Magnúsdóttir